



Iceland
STAÐARBERGI

MÍÐVANGUR 145



187,2 m² 73,9 millj. kr.

Fallegt endaraðhús vel staðsett í Norðurbænum. Byggt yfir bílskúrin um 30 m². Sérlega vel staðsett, innst í botnlanga, skjólsæl staðsetning.

SÆVANGUR 3



182 m² Tilboð

Sérlega fallegt, mjög endurnýjað einbýli á einni hæð á einstökum stað. 950 m² skógi vaxin hraunlód, mjög skjólsælt og gott umhverfi.

DAGGARVELLIR 9



133,9 m² 56,9 millj. kr.

Falleg og björt 5 herb. íbúð á 2. hæð í vönduðu fjórþýli. 2,7 m lofthæð. Mjög góð staðsetning á Völlumum. Stutt í grunn- og leikskóla og íþróttasvæði.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



Annað heimsmet Róberts Ísaks

Setti heimsmet í 400 m sundi í flokki S14

Hafnfirðingurinn Róbert Ísak Jónsson setti heimsmet í 400 m fjörsundi í flokki S14 þroskahamlaðra á Íslands-mótnu í sundi í 25 m laug. Synti hann á 4.42.63 mínútum og bætti tíma sinn frá því í byrjun október um rúmar 3 sekúndur. Er beðið eftir staðfestingu á heimsmetinu en Róbert Ísak varð 2. í sundinu.

Róbert Ísak, sem er 17 ára, stakk sér 11 sinnum til sunds á mótnu og bætti tíma sinn 7 sinnum.

Hann setti heimsmet fyrir tæpu ári í 200 m fjörsundi á

Heimsmeistaramóti fatlaðra í Mexíkó. Róbert Ísak var kjörinn íþróttakarlfjórðarinn á síðasta ári og syndir fyrir SH.



Róbert Ísak Jónsson



TÖLVUÞJÓNUSTA

Alhliða tækniþjónusta fyrir þitt fyrirtæki

546 6000

Firði, Fjarðargötu 13-15



Frumherji

BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5

Opið kl. 8-17 virka daga

Skóðuðu tertúirvalið á kakulist.is



Jón Arlúss
KOKULIST

Kakulist verslunarmisastöðinni Fríðu Hafnarfirði
Kakulist Hólagötu 17 Reykjavík
Kakulist Heiðaból 2 Garðabí
Kakulist@kakulist.is - 555 66 55

Jólaupplestur Bókasafns Hafnarfjarðar

Upplestur fyrir unglinga

22. nóvember, kl. 17:00




Sígga Dögg
kynvera



Sævar Helgi Bragason
Svarthol



Bjarni Harðarson
Í Gullhreppum



Guðrún Eva Mínervudóttir
Ástín, Texas



Guðmundur Brynjólfsson
Eitraða barnið



Yrsa Sigurðardóttir
Brúðan

Upplestur fyrir unglinga

1. desember, kl. 13:00



Gunnar Helgason
Sígga sítróna



Katrín Ósk Jónhannesdóttir
Mömmugull

FJARDAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Víðistaðakirkja

Sunnudagurinn 18. nóvember

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Hressing í safnaðarsal.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.
Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is



HAFNARFJARÐARKIRKJA

Sunnudagur 18. nóvember

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

TTT (10-12 ára starf),
fimmtudaga kl. 17-18.

Morgunmessa miðvikudaga kl. 8.15

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



leiðarinn

Hafnarfjarðarbær hefur ráðist í verkefni, í samstarfi við Capacent, sem miðar að því að bæta þjónustu og skilvirkni í starfsemi og rekstri sveitarfélagsins. Þetta er frábært skref í rétta átt en það má spyrja sjálfan sig hvort menn viti ekki almennt hvar skóinn kreppi að. Það hafa margir lýst þeirri skoðun sinni að það sé eins og að senda bréf út í buskann að senda ábendingar og fyrirspurnir til bæjarins. Þeim sé allt of oft seint svarað eða alls ekki svarað. Fjölmargar ábendingar hafa verið sendar um bætt upplýsingaflæði t.d. með vandaðri ritun fundargerða. Þar sjást engar framfarir. Það er freistandi að nota patent lausnir og fyrir nokkrum árum var útbúin tillögugátt þar sem fólk gat lagt fram hugmyndir og aðrir gátu kosið þær upp og niður. Sú gátt virtist fljótt renna sitt skeið en það er vonandi að núverandi könnun sýni betur hvað megi betur fara. Ábendingagáttin er aðeins opin til 20. nóvember en þar er óskað eftir sögu/lýsingu af reynslu viðkomandi af þjónustu Hafnarfjarðar auk þess sem spurt er hvað sé til fyrirmyndar og hvað megi fara betur í þjónustu Hafnarfjarðar.

Opinn íbúafundur verður 20. nóvember í Lækjarskóla kl. 20 og þar eru íbúar hvattir til að mæta en þar verður einnig safnað saman ábendingum og umbótaskýrslum frá íbúum.

Það verður spennandi að sjá hvernig unnið verði úr ábendingum og hvaða tillögur til úrbóta verða kynntar.

Mjög er treyst á íbúafundi þar sem kannski um 0,3% bæjarbúar 18-80 ára mæta. Það má koma skilaboðum til bæjarbúa með miklu skilmerkari hætti t.d. með kynningu hér í bæjarblaðinu sem borið er inn á hvert heimili í bænum.

Guðni Gíslason ritstjóri.



Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 18. nóvember

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldmessa kl. 20

Kór og hljómsveit kirkjunnar leiðir sönginn.

Foreldramorgnarnar alla miðvikudaga
í safnaðarheimili kl. 10-12

Kríasálmar á fimmtudagsmorgnum
í kirkjunni kl. 10:30

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 18. nóvember

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Miðvikudaga

Starf eldri borgara kl. 13:30

www.astjarnarkirkja.is

Súpufundur eldri Sörlafélaga

Hestamannafélagið Sörli heldur súpufund fyrir eldri Sörlafélaga **á laugardaginn kl. 11** í Reidhöllinni.

Þar verður fyrirlesari með áhugavert efni, boðið verður upp á súpu og umræður.

Þetta er annar fundur af þessu tagi og ætlunin er að halda næsta fund á vori komandi. Tilgangurinn er að tengja eldri og fyrrum félaga betur við félagið og ríffa upp liðna tíð.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Samþæst

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulagð útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Söfnuðu 24l þúsund fyrir Kraft

Hlauparar víðs vegar að tóku þátt í Bleika hlaupinu og styrktu

Hlaupahópur FH stendur árlega fyrir Bleika hlaupinu þar sem hlauparar skreyta sig í bleiku og hlaupa til góðs og þiggja góðar veitingar í lokin. Hlauparar koma víða að frá öðrum hlaupahópum til að taka þátt og í ár söfnuðust 240.852 kr. sem ákveðið var að færa stuðningsfélaginu Krafti en það hefur að

leiðarljósi að beita sameinuðum kröftum sínum til að aðstoða og styðja ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess. Félagar í Skokkhópi Hauka styrktu söfnunina en flestir félaga þeirra voru á sama tíma að hlaupa erlendis og komust ekki með. Var styrkurinn afhentur sl. þriðjudag.



Hulda Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri Krafts tekur við ávisun frá Herði J. Halldórssyni formanni HHFH.

Dagur gegn einelti

Menntamálaráðherra í Öldutúnsskóla



Selma Barðdal og Guðjón Örn ásamt Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra.

Dagurinn 8. nóvember ár hvert er helgaður baráttunni gegn einelti í skólum. Á þessum degi eru jákvæð samskipti í fyrirrúmi og var skóla-samfélagið hvatt til að taka höndum saman gegn einelti og var það víða gert.

HVATNINGARVERÐLAUN VEITT Í ÖLDUTÚNSSKÓLA

Vinaliðaverkefnið hlaut sl. fimmtudag hvatningarverðlaun dags gegn einelti 2018. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti forvarsfólki verkefnisins, Guðjóni Erni Jóhannssyni og Selmu Barðdal Reynisdóttur viðurkenninguna við athöfn í Öldutúnsskóla.

„Vinaliðaverkefnið hefur reynst vel í fjölmörgum íslenskum skólum sem forvarnarverkefni er hvetur nemendur til virkrar þátttöku í frímínútum. Við vitum hversu dýrmætt það er að nem-

endum líði vel í skólanum – ég tel að það sé augljós fylgni milli þess að líða vel og ganga vel. Ég vil óska aðstand- endum verkefnisins og öllum vinaliðum landsins til hamingju með þessa viður- kenningu og þakka fyrir þeirra góða starf,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

VINALIÐAR

Vinaliðaverkefnið hefur verið innleitt í 46 íslenskum skólum en það er norskt að uppruna. Vinaliðar eru nemendur í 4. til 6. bekk sem veljast til þess að skipu- leggja, taka þátt og aðstoða sam- nemendur sína við afþreyingu og leiki í frímínútum. Þeir gæta þess að engir nemendur séu einir eða út undan í frímínútum og láta vita ef þau verða vitni að einelti eða útilokun. Í verkefninu fá vinaliðar einnig stuðning og leiðsögn til þess að sinna hlutverki sínu sem best.

Hún hring minn ber



GULLSMÍÐJAN

Guðrún Bjarnadóttir, gullsmíður

LÆKJARGATA 34 c • HAFNARFJÖRÐUR • WWW.GULLSMIDJAN.IS

Verkefnið hefur verið innleitt m.a. í Hraunvallaskóla og Hvaleyrarskóla.

Öflug forvörn gegn einelti er að veita börnum skipulega þjálfun í að vera saman í leik og starfi þar sem lýðræði, mannréttindi og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Þessi færni er liður í því að

gera umhverfið jákvæðara þar sem einelti nær síður að skjóta rótum.

Athöfnin í Öldutúnsskóla var hin hátíðlegasta þar sem Kór Öldutúnsskóla vakti sérstaka lukku með Söng jarðar- innar auk þess sem Svavar Knútur söng og fékk aðra til að syngja með.



Magnaður flutningur Kórs Öldutúnsskóla á Lagi jarðarinnar.



HELGAFELL

FASTEIGNASALA

s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is



Gunnar Sv. Friðriksson
löggiltur fasteignasali
S. 842 2217

HNOÐRAVELLIR 42



AUKAÍBÚÐ Á NEÐRI HÆÐ – SKIPTI Á MINNI FASTEIGN

TIL SÖLU fallegt 361 m² 4-5 herb. einbýlishús með mikilli lofthæð. Vandaðar innréttingar. Fata- og baðherbergi inn af hjónaherbergi.

Skipti á minni eign skoðuð.

Verð 98,7 millj. kr.

Nánari upplýsingar á
helgafellfasteignasala.is



Ljósín verða afgreidd dagana
9.-10. des., 14.-17. des.
og 21.-22. des.

Opið kl. 13-18 þessa daga
Lokað er aðfangadag.

Jólaljósín ehf.
sími 692 2789

Panta má á **www.jolaljosingin.is**
Hægt er að panta frá og með 1. desember

Gert ráð fyrir 985 milljón kr. rekstrarafgangi

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar var lögð fram í bæjarstjórn til fyrri umræðu í gær en hún hefur verið birt á heimasíðu bæjarins.

Gert er ráð fyrir 985 milljón kr. rekstrarafgangi en gert hafði verið ráð fyrir 740 millj. kr. afgangi í áætlun fyrir 2018.

Gert er ráð fyrir 1.264 millj. kr. afgangi af aðalsjóði sem er 128% meiri afgangur en gert var ráð fyrir í áætlun 2018. Hins vegar eykst halli á eignasjóða á móti um 138% og gert er ráð fyrir að hann verði 953,4 millj. kr.

Veltufé frá rekstri eykst

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 3.953 millj. kr. og hækkar um 13,6% miðað við áætlun þessa árs en veltuféð er það fé sem sveitarfélagið hefur til að greiða afborganir af lánunum og fjárfestingar.

Skatttekjur aukast þrátt fyrir lækkun á álagningarhlutfalli

Gert er ráð fyrir að skatttekjur aukist um 7,8% þrátt fyrir óbreytt útsvarshlutfall og lækkun á fasteignasköttum, bæði á atvinnuhúsnæði og heimili. Lækkar fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði úr 1,57% í 1,4% og skattur á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,28% í 0,26%. Fasteignamat á íbúðarhúsnæði hækkar hins vegar um 12,7% á milli ára og mat á atvinnuhúsnæði hækkar um 21,8% á milli ára.

Verða skatttekjur skv. áætluninni rúmur 21 milljarður kr.



Ekki er gert ráð fyrir endurbýggingu á Suðurbæjarlaug

Áfram mikill hagnaður af veitum og afgangur mestur af B-hluta

Gert er ráð fyrir að Fráveitan skili 357 millj. kr. rekstrarafgangi sem er 42% af rekstrartekjum.

Vatnsveitan á að skila 160 millj. kr. rekstrarafgangi sem er 37,2% af rekstrartekjum.

Höfnin skilar 244 millj. kr. hagnaði sem er 36% af rekstrartekjum sem hlýtur að teljast gott í hafnarrekstri.

Hins vegar skilar Húsnæðisskrifstofan 86,8 millj. kr. halla sem er 12,8% meiri halli en áætlaður er fyrir þetta ár.

Samtals skila því B-hluta fyrirtækin 674,4 millj. kr. hagnaði af þeim 985,4 millj. kr., meira en tvöfalt meira en A-hlutinn, bæjarsjóður og eignasjóður.

Lántaka

Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána verði 1.694 millj. kr. en gert er ráð fyrir að taka ný lán að upphæð 1.250 millj. kr. og þar af 500 millj. kr. fyrir Húsnæðisskrifstofu.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir að fjárfesta fyrir 4,5 milljarða kr., þar af 765 millj. kr. hjá

Vatnsveitu, Fráveitu, Húsnæðisskrifstofu og Hafnarfjarðarhöfn.

Áætlað er að verja 1.450 millj. kr. í 2. og 3. áfanga Skarðshlíðarskóla, 590 millj. kr. í uppbyggingu íþróttamannvirkja og 400 millj. kr. til að ljúka við nýtt hjúkrunarheimili. Í heild er gert ráð fyrir 2.794 milljónum kr. í fjárfestingar í fasteignum.

Í Kaldárselsveg er gert ráð fyrir að verja 300 milljónum kr., 180 millj. kr. í breikkun Reykjanesbrautar, 100 millj. kr. í gatnagerð í Skarðshlíð en ekki er gert ráð fyrir fé í Ásvallabraut á næsta ári.

Þá er gert ráð fyrir fjárfestingum í félagslegum íbúðum fyrir 500 millj. kr.

Menningarmál

Gert er ráð fyrir að halli á rekstri Bygðasafnsins verði 74 millj. kr. sem er þá framlag bæjarins til safnsins. Hækkar framlagið um 12% miðað við áætlun þessa árs. Halli á rekstri Hafnarborgar er áætlaður 121 millj. kr. sem er 7% hækkun frá áætlun þessa árs. Ekki er reiknað með hækkun á framlögum til Bjartra daga sem áætluð eru 3,6 millj. kr. og til Jólaloppsins sem kostaði 12 millj. kr. á síðasta ári. Alls er reiknað með 430 millj. kr. til menn-

ingarmála en þá eru Hafnarborg, Bygðasafnið og Bókasafnið þar með talin.

Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ segir m.a.: „Í fjárhagsáætlun ársins 2019 er boðuð áframhaldandi uppbygging í bænum og aukin þjónusta við íbúa á öllum sviðum bæjarfélagsins. Auknum fjármunum verður varið í að halda áfram að þróa og festa nýja snemmtæka þjónustu í sessi en unnið hefur verið að verkefninu allt árið 2018. Markmiðið er að sinna forvamarhlutverki enn frekar, halda námskeið og ganga á biðlista.

Dvalargjald á leikskóla mun áfram haldast óbreytt sjötta árið í röð. Aukinn systkinaafsláttur er af dvalargjaldi í leikskólum, afsláttur fyrir annað systkini fer úr 50% í 75% og þriðja systkini úr 75% í 100%. Tekjutengdur afsláttur leikskólagjalda verður aukinn. Afsláttarprósenta neðra þreps fer úr 40% í 75% og afsláttarprósenta efra þreps fer úr 20% í 50%.

Systkinaafslætti í fæðisgjöldum nemenda í grunnskóla verður komið á, þriðja systkini fær frítt.

Unnið verður áfram að verkefni um fjölpætta heilsurækt 65 ára og eldri í Hafnarfirði. Haldið verður áfram að þróa og bæta þjónustu við eldri borgara í heimahúsum svo sem með nýtingu velferðartækni, auk þess sem greind verður þörf fyrir aukið þjónustustig með viðurkenndu mælitæki.“

HVERNIG HEFUR ÞJÓNUSTA BÆJARINS REYNST ÞÉR?



Þrír SH-ingar á HM í sundi í Kína

Góður árangur SH-inga á Íslandsmótinu í 25 m laug

Anton Sveinn McKee, Dadó Fenrir Jasminuson og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir úr SH náðu öll þátttökurétti á HM eftir að hafa náð lágmörkum á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug sem haldin var í Ásvallalaug um helgina.

Stóðu SH-ingar sig gríðarlega vel og settu eða jöfnuðu 16 Íslandsmet! Voru 40 keppendur af 171 frá SH og kepptu þeir í samtals 175 greinum.

Alls fékk SH 21 gull, 11 hjá konum og 10 hjá körlum, 16 silfur, 7 hjá konum og 9 hjá körlum og 14 brons, 4 hjá konum og 9 hjá körlum.

ÞRÚ GULL OG JÖFNUN Á ÍSLANDSMETI HJÁ DADÓ

Dadó Fenrir jafnaði 9 ára gamalt Íslandsmet í 50 metra skriðsundi á 22,29 sekúndum en lágmörkið á HM er 22,47 sekúndur.

Hann sigraði einnig í 100 m skriðsundi á 45,59 sekúndum og í 100 m flugsundi á 55,07 sekúndum.

ÍSLANDSMET HJÁ ANTONI SVEINI MCKEE

Anton Sveinn synti á 59,70 sekúndum í 100 metra bringusundi, 51/100 úr sekúndu undir HM lágmörkinu. Anton á Íslandsmetið í greininni á 58,66 sekúndum frá því í Berlín í fyrra.



Ingibjörg Kristín Jónsdóttir

Anton Sveinn bætti svo 9 ára gamalt Íslandsmet Jakobs Jóhanns Sveinssonar í 200 m bringusundi er hann synti á 2,07.04 mínútum sem er undir HM lágmörkinu. Bætti hann Íslandsmetið um 71/100 úr sekúndu.

VAR HÆTT EN NÁÐI LÁGMARKI Á HM

Þá náði Ingibjörg Kristín Jónsdóttir úr SH lágmörki í 50 metra baksundi, en tími hennar var 27,95 sekúndur. Hún var 1/100 úr sekúndu undir lágmörkinu fyrir HM, en hún er fyrsta íslenska konan sem nær lágmörki á HM í ár.



Anton Sveinn McKee

Ingibjörg sigraði einnig í 50 m skriðsundi þar sem hún bætti sinn besta tíma og í 50 m flugsundi.

Ingibjörg hætti æfingum og keppni í byrjun árs en eftir hvatningu frá félögum í SH tók hún ákvörðun, 11 dögum fyrir mót að keppa. Hún hafði lítið synt en var þó í mjög góðri líkamlegri þjálfun.

HEIMSMET RÓBERTS ÍSAKS

Mótið var sameiginlegt mót Sundsambands Íslands og Íþróttasambands fatlaðra og þar gerði Róbert Ísak Jóns-



Dadó Fenrir Jasminuson

son, Hafnfirðingurinn ungi, sér lítið fyrir og setti heimsmet í 400 m fjórsundi í flokki S14 þroskahamlaðra og synti á 4,42.63 mínútum og bætti tíma sinn frá því í byrjun október um rúmar 3 sekúndur. Er beðið eftir staðfestingu á heimsmetinu en Róbert Ísak varð 2. í sundinu.

Róbert Ísak, sem er 17 ára, stakk sér 11 sinnum til sunds á mótinu og bætti tíma sinn 7 sinnum.

Hann setti heimsmet fyrir tæpu ári í 200 m fjórsundi á Heimsmeistaramót fatlaðra í Mexíkó.

Hafnarfjarðarbær hefur ráðist í verkefni, í samstarfi við Capacent, sem miðar að því að bæta þjónustu og skilvirkni í starfsemi og rekstri sveitarfélagsins. Ráðgjafar Capacent vinna nú að greiningu sem meðal annars felst í því að fá innsýn í upplifun notenda þjónustunnar, þ.e. bæjarbúa og hagsmunaaðila. Í úttekt er sérstaklega horft til þess að greina styrkleika og veikleika í þjónustu sveitarfélagsins.

Opnuð hefur verið sérstök ábendingagátt þar sem þú getur sent lýsingu af reynslu þinni af þjónustu Hafnarfjarðarbæjar sem þú telur að geti nýst í þessu verkefni.

ÍBÚAFUNDUR

Lækjarskóli | Þriðjudagurinn 20. nóvember | Kl. 20-22

Íbúar Hafnarfjarðarbæjar eru hvattir til að mæta á opinn íbúafund í Lækjarskóla. Capacent mun stýra umræðum og safna saman ábendingum frá íbúum og þeim sem leita til sveitarfélagsins eftir þjónustu og með ákveðin erindi.

Þín skoðun, reynsla og upplifun skiptir máli!

ÁBENDINGAGÁTT

<http://abending.hafnarfjordur.is>

Segðu okkur sögu af reynslu þinni af þjónustu bæjarins

Hvað er til fyrirmyndar og hvað má betur fara í þjónustuveitingunni?

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPÍÐ FRÁ KL. 8.00 - 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Bílaþríf. Kem og sæki. Þvottur og bón vermdar bílinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 21 00.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.
Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

Málverkasýning í heimahúsi

Marnhild Hilma Kambssenni sýndi m.a. skökk hús og fugla

Skemmtileg málverkasýning var á 7. hæð að Drekkavöllum 18 um liðna helgi en þar sýndi Marnhild Hilda Kambssenni skemmtilegar myndir í íbúð sinni og eiginmanns hennar Hannesar Valssonar.

Marnhild Hilma byrjaði að mála árið 2010, á svipuðum tíma og hún flutti til Hafnarfjarðar. Hún er að mestu sjálfmenntuð en hefur sótt fjölda námskeiða og er félagi í Litku myndlistarfélagi.

Marnhild er færeysk, fædd og uppalin í Fuglafirði en fluttist um tvítugt til Íslands. Gömlu húsin í Færeyjum eru meðal myndefnis hennar og gerir hún



Marnhild Hilma Kambssenni við nokkrar mynda sinna.

þeim skemmtileg skil. Hún hefur haldið eina einkasýningu, í Færeyjum, og nefndist hún Húsin sem tala en á myndum hennar eru gjarnan mjög skökk hús og sum eru persónugerð og gætu því talað. Hún hefur líka málað fugla og krian er þar áberandi en þar mátti einnig sjá ameríska örninn og skökku húsin á sömu mynd.

Sýningin vakti þó nokkra athygli og seldi Marnhild nokkrar myndir en sennilega eru íbúar nokkuð feimnir við



Eins og húsin tali saman

að banka upp á í heimahúsi til að skoða málverkasýningu.

Áskorun um úrbætur í ferðaðþjónustu

Stjórn ferðamálasamtaka Hafnarfjarðar vann að könnun meðal ferðaðþjónustufyrirtækja í Hafnarfirði síðastliðið vor. Þar voru þátttakendur spurðir meðal annars að því hvað væri mikilvægast að vinna að til úrbóta í tengslum við ferðaðþjónustu í Hafnarfirði.

Boðið var uppá að velja á milli átta atriða og merkja frá því að vera minnst mikilvægt og yfir í að vera mest mikilvægt.

Niðurstöðurnar eru nokkuð afgerandi en hér að neðan eru fjögur atriði sem flestir svarenda töldu mikilvægast að vinna að úrbótum á.

BÆTA ALMENNA UPPLÝSINGAGJÖF MEÐ BETRI MERKINGUM

Í Hafnarfirði er sáralítið um merkingar sem eru hugsaðar fyrir innlenda eða erlenda gesti. Það mætti bæta úr þessu á

marga vegu. Alþekkt eru skilti þar sem vegfarendum er bent í rétta átt. Þar er oft einnig merkt inná hvort að það sé salerni eða veitingar seldar þar. Úr þessu mætti bæta mjög víða í Hafnarfirði. Svona skilti mætti setja upp við Hellisgerði sem vísar gestum niður í átt að byggðarsafninu, miðbænum og í átt að Viðistaðtúni. Á Viðistaðtúni mætti bæta svona skilti sem svo vísar að Hellisgerði, miðbænum, sundhöllinni og tjaldsvæðinu. Við Hafnarfjarðarkirkju mætti vera skilti sem vísar að Hamrinum, Byggðarsafni, Hafnarborg, höfninni og jafnvel Ástjórn. Svona mætti lengi telja.

Einnig mætti útbúa skilti sem gerir gangandi kleift að fara í sína eigin álfagöngu. Það mætti gera það áberandi á vefnum vishafnarfjordur.is og svo með skiltum. Þar yrði að vera ákveðið upphaf og endir en einnig smá upplýsingaskilti á

hverri stoppustöð um álfana sem búa þar. Mætti taka „The Freedom Trail“ í Boston til fyrirmyndar þó svo að þetta yrði að sjálfsögðu minna í sniðum.

Að lokum mætti setja upp „you are here“ skilti á vel völdum stöðum. Fyrsti staðurinn þyrfti að vera við höfnina, sýnilegt fyrir skemmtiferðaskipafarþega, en það skilti væri hugsað til að auðvelda þeim farþegum að ganga á eigin vegum um Hafnarfjörð til að nýta sér þá verslun og þjónustu sem er þar í boði. Einnig mætti vera sambærilegt skilti í námunda við upplýsingamiðstöð ferðamanna.

BÆTTARI ÞJÓNUSTU UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR FERÐAMANNA

Í dag er upplýsingamiðstöð ferðamanna í Hafnarfirði staðsett í Ráðhúsinu. Þar er opið frá kl 8-16 virka daga. Ekki er opið um helgar. Á sumrin er svo sett upp viðbótar upplýsingamiðstöð við Byggðarsafnið en opnunartíminn þar er 11-17 alla daga. Þetta kemur fram á vishafnarfjordur.is. Þegar leitað er að „tourist information“ á google maps þá er bent á Ráðhúsið á Strandgötu 6.

Úr þessu þarf að bæta en upplýsingamiðstöð þarf að vera með mun rýmri opnunartíma. Erlendir ferðamenn eyða oft deginum í skoðunarferðir og leita svo gjarnan upplýsinga þegar komið er til baka seinni part. Upplýsingamiðstöðvar eru mjög þekktar hérlendis og erlendis og þrátt fyrir að Reykjavíkurborg sé að hætta rekstri sinnar upplýsingamiðstöðvar þá er það kannski líka vegna þess að í miðborg Reykjavíkur eru margar einkareknar bókunarþjónustur sem sinna þessu hlutverki.

Auk þess eru mörg hótél einnig með bókunarþjónustur sem sinna þessu hlutverki einnig.

BÆTA AÐSTÖÐU VIÐ HELGAPELL, ALMENNINGSSALERNI

Helgafell er vinsæll staður sem bæði innlendir og erlendir ferðamenn heimsækja auk þess sem íbúar Hafnarfjarðar heimsækja mikið. Þar er algjör skortur á almenningssalerni og annarri aðstöðu. Úr þessu þarf að bæta sem fyrst.

BÆTTU AÐGENGI FYRIR RÚTUR Í MIÐBÆNUM

Í miðbæ Hafnarfjarðar vantar alveg rútustæði. Þar eru vissulega stoppustöðvar þar sem farþegar geta farið úr og í rúturnar. Það er hins vegar mikilvægt að bæta úr því að hafa rútustæði þannig að rútur geti beðið á meðan farþegarnir skoði miðbæ Hafnarfjarðar, fái sér að borða og versli af þeim fjölmörgu verslunum sem eru þar.

Þetta staði þyrfti að vera miðsvæðis og geti hentað vel að hafa það við bílastæðin í Firði.

Eins og fram kemur hér að framan þá eru þessi fjögur atriði þau fjögur atriði sem flestir svarenda töldu mikilvægast að bæta úr í tengslum við ferðaðþjónustu í Hafnarfirði en mörg önnur atriði voru einnig nefnd.

Stjórn ferðamálasamtaka
Hafnarfjarðar; Geir Gígja, Sif
Helgadóttir, Sigríður Margrét
Jónsdóttir, Pétur Hafliðason
og Þór Sigurðsson.

FEBH

Félag eldri borgara í Hafnarfirði

Handverkssýning

Félag eldri borgara í Hafnarfirði stendur fyrir handverkssýningu
föstudaginn 23. nóvember og laugardaginn 24. nóvember nk.

Sýningin er opin frá kl. 10 til 17 báða dagana.

Félagsmenn eru hvattir til að koma með handverk til sýningar.

Verkin geta verið frá öllum tímum.

Sýndar verða meðal annars handavinnuþrúfur sem unnar voru á lokaári seinni heimsstyrjaldar.

Móttaka sýningargripa er opin alla daga
fram að sýningu í Hraunseli.

Tónleikar Öldu Ingibergsdóttur

Syngur til heiðurs föður sínum sem hefði orðið 90 ára í dag

Hafnfiskra sópransöngkonan góðkunnna, Alda Ingibergsdóttir heldur tónleika í Hafnarborg 22. nóvember nk.

Tónleikarnir eru haldnir til heiðurs föður hennar. Ingibergi Friðrik Kristinsyni, Hafnfirðingi sem lést 62 ára og hefði því orðið 90 ára á þessu ári. Þá verður móðir Öldu 88 ára þennan dag og hún verður viðstödd tónleikana.

Gestur á tónleikunum verður tenór-söngvarinn Gissur Páll Gissurarsson og munu þau syngja saman dúetta auk þess að syngja hvort fyrir sig. Á efnis-skránni eru íslensk lög, ariur, vinar-tónlist og dúettar. Af dúettunum má nefna Amigos para siempre og O soave fanciulla úr óperunni La Boheme þar sem raddirnar verða þandar og einnig líka m.a. Varir þegja og Ég vil dansa.

Alda mun svo m.a. syngja ariur úr La Boheme, Tondeleyó og Vom hinsta dag en Gissur mun m.a. syngja Hamra-borgina og lög frá Napóli.



Alda Ingibergsdóttir og Gissur Páll Gissurarsson syngja saman á tónleikunum.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og verður Antonía Hevesi undirleikari á tónleikunum.

Þetta verða greinilega skemmtilegir og áhugaverðir tónleikar.

LITAFEGURÐ

Málningarþjónusta

Netfang: litafegurd@gmail.com gsm: 612-5918

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

16. nóv. kl. 20.15, Varmá
Afturelding - Haukar, úrvalsdeild karla

16. nóv. kl. 20.30, Kaplakriki,
FH U - Þróttur, I. deild karla

17. nóv. kl. 16, Ásvellir
Haukar - Valur, úrvalsdeild kvenna

17. nóv. kl. 16, Kaplakriki,
FH - ÍR, I. deild kvenna

13. nóv. kl. 13.30, Ásvellir
Haukar U - Valur U, I. deild karla

19. nóv. kl. 19.30, Hlíðarendi
Valur - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

KA/Þór - Haukar: 27-29

Víkingur - FH: 15-28

FH - Valur U: 23-32

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Selfoss: 30-26

FH - ÍBV: 28-27

KA - Haukar: 23-30

KÖRFUBOLTI:

15. nóv. kl. 19.15, Kaplaskjól
KR - Haukar, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

KR - Haukar: 69-61

Skallagrímur - Haukar: 67-53

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Skallagrímur: 82-80

sport@fjardarfrettir.is

Vandaður tælenskur matur



**Tuk Tuk Thai er frábær tælenskur
staður í hjarta Hafnarfjarðar sem
býður gómsætan mat á góðu verði.**

Þar getur þú sest niður í notalegu umhverfi og pantað mat af fjölbreyttum matseðli eða valið tilbúna rétti úr hitaborði. Hægt er að borða á staðnum eða taka með sér heim.



Við tökum á móti stórum
sem smáum hópum.

Opíð mán.-lau. 11:30-21:00
sun. 16:00-21:00

Fjarðargata 19
220 Hafnarfirði

Sími: 519 8888
www.tuktukthai.is



BLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5aBoltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.**Gullnámán**Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.**BLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 020070 ára reynsla,
þekking og þjónusta
á rafgeymum**RAFGEYMASALAN**Dalshrauni 17, Hafnarfirði • 565 4060
sala@rafgeymar.is • www.rafgeymar.is**AUGLÝSINGAR**

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is**frítt söluverðmat | sanngjörn sölubóknun | fagljósmyndari****domus**
FASTEIGNASALA„Minn metnaður er
heiðarleiki, vönduð vinnubrögð
og persónuleg þjónusta“**Ársæll Steinmóðsson**

löggiltur fasteignasali

as@domus.is | gsm 896 6076

**Domus fasteignasala** – Firði, verslunarmiðstöð, 5. hæð (norðurturn) 220
Hafnarfjörður – sími 440 6013 – www.domus.is**Lofnetsþjónusta
Netþjónusta**

ÞEKKING OG REYNSLA

Uppsetning og viðgerðir

Loftnet | Gervihnettir | Ljósnet

Ljósleiðari | Sjónvarpsbúnaður

Raflagnþjónusta

Lofnetstaekni.is

sími 894 2460

Loftnetstækni ehf

Fjölmenn luktarganga St. Martin

Þýsk íslenska tengslanetið stendur fyrir árlegri luktargöngu í Hafnarfirði

Luktarganga St. Martins var
haldin hátíðleg sl. laugardag.
Hátíðin er haldin árlega af Þýsk
íslenska tengslanetinu með
stuðningi Bókasafns Hafnar-
fjarðar og Þýska sendiráðsins.
Fjölmenni lagði af stað fráBókasafninu með litskrúðugar
luktrir af öllum stærðum og
gerðum. Farið var í Hellisgerði
þar sem sungið var og leikrit
sýnt. Að göngu lokinni beið
fólks heitt súkkulaði, pretzel
kringlur og Weckmänner.

Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Weckmänner voru áhugaverðir fyrir yngri kynslóðina.



Ljóm: Guðni Glásson

Styrkir Mæðrastyrknefndar

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar mun taka á móti umsóknum
**föstudaginn 23. nóvember kl. 16-18 og laugardaginn 24. nóvember
kl. 13-15 í húsnæði sínu að Hlíðarbraut 10** (þar sem leikskólinn Kató var)Hægt er að prenta út umsókn á www.maedrastyrksnefnd.is
Minnt er á að umsókn verður ekki tekin gild nema að
búsetuvottorð og staðgreiðsluskra með tekjum fyrir janúar til
og með október 2018 fylgi umsókn.

Umsækjendur þurfa að eiga lögheimili í Hafnarfirði.

Þú getur styrkt!Velunnurum er bent á reikning nefndarinnar: Íslandsbanki: 544-04-760686 | Landsbankinn: 0140-15-381231
Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar: 460577-0399**Jólaaðstoð 2018****www.maedrastyrksnefnd.is**